

Skipulagsnefnd Akureyrar
bt. Skipulagsstjóra

Akureyri 01.04.2022.

Málefni: Holtahverfi – Þursaholt

Búfesti hsf. ítrekar hér með vilja sinn til að fá formlega úthlutað lóðinni sem á skipulagsupprætti er kölluð Þursaholt 2-6 og Þursaholt 8-10, sbr. nýsamþykkt deiliskipulag Akureyrarbæjar og vísar í bréf sitt frá 07.10.2021.

Búfesti hsf. hefur unnið að þessu verkefni hægt og rólega í samstarfi við EBAK, og hefur nú hafið vinnu við endanlega og kostnaðarsama hönnun þó ekki liggi fyrir formlegur samningur við Akureyrarbæ um lóðirnar. Hönnun er vel á veg komin á lóðum 2-6 og 8-10 enda styttist í að áætlað sé að hefja framkvæmdir. Á meðfylgjandi teikningu má sjá hvernig áætlað er að ná fram miklum samlegðaráhrifum með því að samnýta bílakjallara, brunakerfi, sprinklera, reyrkræstingu, loftræstikerfi, aðgangsstýringar og margt fleira á þessum lóðum sem verður bara ein lóð þegar upp er staðið. Núverandi hönnun okkar á lóðum 2-6 og 8-10 gerir ráð fyrir samtals 112 íbúðum en allt útlit er þó fyrir því að einhver fjölgun íbúða verði í endanlegri hönnun þar sem eldri borgarar eru núna, nær eingöngu að hugsa um tveggja og þriggja herbergja íbúðir og engar stærri íbúðir.

Varðandi framkvæmdarhraða, þá hefur það verið ósk félagsins að fá 4 ár til að fullbyggja svæðið en með hliðsjón af eftirspurn eftir almennum íbúðum hjá félaginu í augnablikinu, er mjög líklegt að félagið hraði framkvæmdum enn frekar. Aðgengi að lánsfjármögnun er mjög góð í augnablikinu og mikill áhugi meðal verktaka í bænum á að vinna fyrir félagið gerir það að verkum að hröðun framkvæmdatíma virðist vera félaginu hagfelld.

Búfesti ítrekar jafnframt ósk sína að þurfa ekki að greiða öll gatnagerðargjöldin í upphafi, heldur dreifa greiðslunni eitthvað yfir framkvæmdartímann.

Með von um áframhaldandi góðar undirtektir.

F.h. Búfesti hsf.

Eiríkur H. Hauksson